

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,  
mánudaginn 11. mars 2013, kl. 14.00**

Á fundinum voru eftirtaldir mættir: Björg Baldursdóttir, Guðný Kjartansdóttir, Adolf H. Berndsen, Ragnar Smári Helgason, Bjarni Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja**

Fyrir fundinum lágu 11 umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki þar sem óskað var eftir rúmum 25 milljónum í styrki. Menningarráð samþykkti styrki til 9 aðila, samtals að upphæð 10,3 milljónir króna.

Við afgreiðslu einstakra umsókna var fylgt lögum um vanhæfi nefndarmanna.

**2. Úthlutun verkefnastyrkja**

Fyrir fundinum lágu 97 umsóknir um verkefnastyrki þar sem óskað var eftir rúmum 60 milljónum í styrki. Ein umsókn var dregin til baka. Menningarráð samþykkti styrki til 59 aðila, samtals að upphæð 21,2 milljónir króna.

Við afgreiðslu einstakra umsókna var fylgt lögum um vanhæfi nefndarmanna.

**3. Úthlutunarhátíð – dagsetning**

Þar sem fundur ráðsins frestaðist um viku var ákveðið að fresta úthlutun til miðvikudagsins 3. apríl nk. á Blönduósi.

**4. Önnur mál**

Samþykkt að kaupa nýjan prentara fyrir skrifstofu ráðsins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 19.00.  
Ingibergur Guðmundsson